

02. feb. 2016

Tilv.



UMHVERFISSTOFNUN

GMR Endurvinnslan ehf  
Tangavegi 7,  
301 Akranes

Reykjavík 2. febrúar 2016  
UST201512-139/E.D.K.  
08.14.02

## Áminning og krafa um úrbætur

Umhverfisstofnun vísar í bréf, dags. 12. janúar 2016 þar sem áformað var að áminna GMR Endurvinnslu ehf. vegna þriggja fávika og samþykktur var úrbótafrestur vegna tveggja annarra. Umhverfisstofnun veitti rekstraraðila frest til 26. janúar sl. til að koma sjónarmiðum sínum á framfær, en þau hafa ekki borist.

### Þau frávik sem áformað var að áminna fyrir eru eftirfarandi:

- Frávik frá grein 5.1 í starfsleyfi. Vöktunaráætlun um vöktun umhverfisbátta liggur ekki fyrir en tillögu að áætlun átti að leggja fram í síðasta lagi 1. október 2014. Rekstraraðili skal taka þátt í sameiginlegri umhverfisvöktun iðjuveranna á Grundartanga. Í bréfi Umhverfisstofnunar, dags. 12. janúar sl., kemur fram að vöktun jarðvegs er sá þáttur sem vantar upp á til að sameiginleg vöktunaráætlun iðjuvera á Grundartanga nái yfir alla þá umhverfisþætti sem snúa að GMR Endurvinnslu ehf.
- Frávik frá grein 2.6 í starfsleyfi. Í útblástursmælingum frá október 2015 mælist ryk 19,7 mg/Nm<sup>3</sup> í útblæstri frá ofni sem er yfir starfsleyfismörkum (10 mg/Nm<sup>3</sup>).
- Frávik frá grein 2.6 í starfsleyfi. Í útblástursmælingum frá október 2015 mælist PCDD/PCDF (dioxín/fúron) 0,15 ng/Nm<sup>3</sup> sem er yfir starfsleyfismörkum (0,1 ng/Nm<sup>3</sup>).

### Þau frávik sem eru með samþykktan úrbótafrest síðan 12. janúar sl. eru eftirfarandi:

- Frávik frá reglugerð nr. 750/2008 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (REACH) (Grein 2.13 í starfsleyfi). Öryggisblöð efna þarf að uppfæra. Þau þurfa að vera á íslensku og staðfærð fyrir Ísland. Umhverfisstofnun veitti rekstraraðila frest til 29. febrúar 2016 til að ljúka úrbótum á þessu fráviki.
- Frávik frá grein 2.2 í starfsleyfi. Lóðin er ómalbikuð að stærstum hluta og ekki girt af. Hráefni, framleiðsluúrgangur og fleira er geymt utandyra. Mengað regnvatn sem fellur á fyrrgreind efni skilar sér því óhreinsað út í jarðveginn umhverfis verksmiðjuna. Í starfsleyfinu er kveðið á um að koma skuli í veg fyrir efnaleka í jarðveg. Jafnframt er kveðið á um að óviðkomandi skuli ekki hafa aðgang að hráefna- og vörugeymslum. Umhverfistofnun veitti rekstraraðila frest til 29. febrúar 2016 til að ljúka við malbikun. Ef verkið dregst vegna óhagstæðs veðurs þá getur rekstraraðili óskað eftir frekari fresti til að ljúka framkvæmdum. Umhverfisstofnun fer einnig fram á að rekstraraðili hugi að framkvæmdum til að takmarka aðgengi óviðkomandi aðila að hráefna- og vörugeymslum, en ekki er minnst á það atriði í bréfi rekstraraðila.

**Umhverfisstofnun hefur ekki borist staðfesting á úrbótum frá rekstraraðila vegna þriggja frávika sem ekki eru með samþykktan úrbótafrest. Umhverfisstofnun veitir rekstraraðila áminningu, sbr. 26. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, fyrir frávakin. Umhverfisstofnun veitir GMR Endurvinnslu ehf. frest til að senda inn staðfestingu á úrbótum til og með 23. febrúar 2016.**

Sinni rekstraraðili ekki tilmælum Umhverfisstofnunar innan tilskilins frests er stofnuninni heimilt að ákveða rekstraraðila dagsektir allt að upphæð 500.000 kr á dag þar til úr er bætt, sbr. VI. kafla laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Þær aðgerðir yrðu þó áformaðar sérstaklega og boðið upp á andmæla frest.


Umhverfisstofnun bendir á að skv. 31. gr laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir er heimilt að vísa ágreiningi um ákvarðanir yfirvalda til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, sbr. 4. gr. laga nr. 130/2011. Skal kæran borin fram við nefndina innan eins mánaðar frá því að ákvörðun þessi berst rekstraraðila í hendur skv. 1. gr. laganna. Aðsetur nefndarinnar er að Skuggasundi 3, 101 Reykjavík.

Umhverfisstofnun vill vekja athygli á 1. gr. gjaldskrár Umhverfisstofnunar nr. 535/2015, þar sem segir að stofnunin innheimti gjald fyrir útselda vinnu sérfræðings við verkefni og þjónustu sem stofnuninni eru falin í lögum og reglugerðum og sem heimilt er að taka gjald fyrir. Gjald fyrir vinnu sérfræðings við eftirfylgni vegna frávika frá ákvæðum starfsleyfis verður innheimt samkvæmt gjaldskrá og er í þessu tilfelli kr. 71.400.

Óski rekstraraðili eftir frekari upplýsingum má hafa samband við Evu Dögg Kristjánsdóttur í síma 591-2000 eða með tölvupósti á [eva.kristjansdottir@ust.is](mailto:eva.kristjansdottir@ust.is).

Gögnum og staðfestingu á úrbótum skal skila til Umhverfisstofnunar eða í tölvupósti á opinbert netfang stofnunarinnar, [ust@ust.is](mailto:ust@ust.is).

Virðingarfyllst

  
Sigrún Ágústsdóttir  
sviðsstjóri

  
Eva Dögg Kristjánsdóttir  
sérfræðingur